

Upphaf starfsárs og úthlutun ábyrgðastarfa

Aðalfundur GDLH fyrir árið 2020 var haldinn þann 09.02 2021 í húsakynnum ÍSÍ, seinka varð fundi vegna kórónuveirunnar. Breyting varð í varastjórn, Darri Gunnarsson gaf ekki kost á sér áfram en í hans stað var kjörinn Davíð Jónsson.

Stjórn GDLH 2020-2021:

Jón Þorberg Steindórsson Formaður
Reynir Örn Pálmason Varaformaður
Ágúst Hafsteinsson Gjaldkeri
Randi Holaker Ritari
Sigurður Sigurðarson

Varastjórn skipa:

Davíð Jónsson
Jóhann G. Jóhannesson
Varastjórn situr fundi aðalstjórnar.

Á fyrsta fundi stjórnar var skipað í embætti stjórnar og fræðslunefnd.

Fræðslunefnd skipa:

Valdimar Ólafsson Formaður
Sindri Sigurðsson
Stefán Ágústsson
Valur Valsson
Marjolijn Tiepen
Gísli Guðjónsson

Breytingar innan nefndar urðu á tímabilinu, Marjolijn og Gísli báðust lausnar vegna annara verkefna og inn komu Lárus Ástmar Hannesson og Alexandra Montan.

Fræðslustarf félagsins

Endurmenntunarnámskeið hérlendis og erlendis voru haldin í mars og apríl. Námskeiðin fóru fram á samskiptaforritinu Zoom og tókst mjög vel til og klárlega verður notað með til framtíðar í fræðslustarfinu.

Magnús Skúlason var fenginn með fyrirlestur og spjall þar sem gangtegundin skeið var tekin fyrir og rýnt í og rædd, líkamsbeiting á skeiði ofl.

Úthlutanir dómara á mót innanlands

Stjórn úthlutaði dómurum á mót hér innanlands og reynt er til hins ítrasta að gæta þess að mótin dreifist jafnt á þá dómara sem að hafa virk réttindi.

Aðeins ber á því að félög eru sein að sækja um dómara á mót ásamt því að tilgreina fjölda dómara.

Mótaárið:

Fjórðungsmót Vesturlands var haldið í Borgarnesi í júlí, þátttaka var góð og hestakostur mjög góður. Félögin stóðu flest öll að sínum mótum, félags og opnum mótum.

Við úthlutun reynir stjórn að gæta þess að halda kostnaði í lágmarki fyrir mótshaldara varðandi ferðakostnað og uppihald dómara en á stundum getur það verið erfitt af ýmsum ástæðum. GDLH hefur lagt tillögu inn til stjórnar LH um stofnun jöfnunarsjóðs v/ferðakostnaðar og uppihalds dómara.

GDLH hefur lagt til að tekin verði ákveðin upphæð af hverju skráningargjaldi af mótum í Sportfeng og lögð til hliðar og félögin ættu svo eftir hvert mótatímabil að geta sótt um úthlutun úr þessum sjóði eftir þeim reglum sem að LH setti sjóðnum og þeim útfærslum.

Samkomulag hefur náðst um málefni gæðingakeppninnar í Þýskalandi við IPZV, en ágreiningur hefur verið undanfarin ár um menntun gæðingadómara þar ytra.

Námskeið verður haldið fljótlega á nýju ári fyrir þá dómara sem að eitt sinn höfðu réttindi ásamt endurmenntun fyrir þá dómara sem eru virkir nú þegar.

Tekin er til starfa nefnd á vegum IPZV og hennar hlutverk er að halda nokkur lögleg gæðingamót á næsta ári, auk þess er hafin vinna við þýðingu á þýsku á lögum og reglum ásamt leiðara í gæðingakeppninni.

Sóknarfærin eru mikil víða erlendis en fyrst og fremst þarf að huga að þessu keppnisformi hér á Íslandi þar sem að það hefur aðeins orðið undir sérstaklega á þeim árum sem að LM er ekki haldið. Landsamband Hestamannafélaga þarf að sýna þessu keppnisformi sem að því sambandi tilheyrir mun meiri áhuga en gert hefur verið undanfarin ár, það er ekki nóg að berja sér á brjóst á tveggja ára fresti og dásama "fjöreggið" það þarf meira til.

F.h. GDLH

Jón Þorberg Steindórsson Formaður